

# STJÓRNARTÍÐINDI A 17 — 1982

19. maí 1982.

87

Nr. 67.

## LÖG

### um breytingu á lögum nr. 75 21. júní 1973, um Hæstarétt Íslands.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar,

*gjöra kunnugt*: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

1. mgr. 2. gr. laganna, sbr. 1. mgr. 1. gr. laga nr. 24/1979, orðist svo:

Hæstarétt skipa átta dómara. Forseti Íslands skipar hæstaréttardómara.

2. gr.

3. málslíður 2. mgr. 2. gr. a laganna, sbr. 2. gr. laga nr. 24/1979, orðist svo:

Þrjú dómara geta skipað dóm í opinberu máli, ef hin almenna refsing, sem við broti liggur, er eigi þyngri en sektir, varðhald eða fangelsi allt að sex árum.

3. gr.

3. mgr. 2. gr. a laganna, sbr. 2. gr. laga nr. 24/1979, orðist svo:

Dómurinn ákveður jafnan, hve margir dómara skipi dóm. Dómara skulu taka sæti í dómum eftir röð sem ákveðin er með almennri reglu.

4. gr.

4. gr. laganna orðist svo:

Nú forfallast hæstaréttardómari frá störfum, fær leyfi frá störfum um stundarsakir eða sæti hans verður autt af öðrum ástæðum, og setur dómsmálaráðherra þá, að fengnum til-  
lögum dómsins, dómara í hans stað, prófessor í lögum við Háskóla Íslands, héraðsdómara  
eða hæstaréttarlögmann, sem fullnægi skilyrðum til að vera skipaður dómari í Hæstarétti. Er  
rétt, að setningin gildi, hvort heldur er um einstakt mál eða tiltekið tímabil. Skylt er nefndum  
aðilum að taka við setningu.

Nú er dómari settur til að gegna störfum í Hæstarétti í mánuð eða lengur, og skulu laun  
hans þá vera hin sömu og hinna reglulegu hæstaréttardómara. Ella ákveður Hæstiréttur  
þóknun fyrir hvert mál, er hann tekur þátt í dómi eða úrskurði.

5. gr.

8. gr. laganna orðist svo:

Hæstiréttur skipar dómnum ritara og ræður sérfróða aðstoðarmenn og annað starfslíð.  
Hæstaréttarritari skal fullnægja almennum dómarskilyrðum.

6. gr.

Í stað orðanna „200 þúsund krónur“ í 2. mgr. 13. gr. laganna, sbr. 3. gr. laga nr. 24/1979, komi orðin: 7 000 krónur.

7. gr.

Aftan við 20. gr. laganna bætist:

Forseti Hæstaréttar kveður til þrjá dómendur, er taka ákvörðun um slík meðmæli, svo og meðmæli samkvæmt 16. gr.

8. gr.

Í stað orðanna „sekt að fjárhæð 200—4 000 krónur“ í niðurlagi 21. gr. laganna komi: allt að 2 000 króna sekt.

9. gr.

2. mgr. 55. gr. laganna orðist svo:

Alla dóma Hæstaréttar og öll ágreiningsatkvæði skal birta orðrétt í dómasafni hans. Dóma og úrskurði héraðsdóms í sömu málum skal og birta orðrétt eða úrdrátt úr þeim, þar sem slíkt er talið nægilegt til upplýsinga um málavexti og málsástæður. Rækileg efnisskrá skal fylgja hverju bindi hæstaréttardóma. Hæstiréttur felur einhverjum hæstaréttardómara eða öðrum hæfum manni að annast útgáfu dómasafns ásamt efnisskrá fyrir þóknun, sem dómurinn ákveður.

10. gr.

Lög þessi taka gildi 1. júlí 1982.

Ákvæði 5. gr. taka til mála, sem stefnt er til Hæstaréttar eftir þann tíma.

### Ákvæði til bráðabirgða.

Árin 1982 og 1983 getur dómismálaráðherra samkvæmt tillögum Hæstaréttar sett tvo til þrjá dómara úr hópi þeirra manna, sem greindir eru í 1. mgr. 5. gr. laga nr. 75/1973, til viðbótar hinum reglulegu dómurum allt að sex mánuðum hvort ár.

*Gjört í Reykjavík, 19. maí 1982.*

**Gunnar Thoroddsen.**

**Jón Helgason.**

**Logi Einarsson.**

(L. S.)

*Friðjón Þórðarson.*

## LÖG

### um breyting á lögum nr. 35/1960, um lögheimili.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinads Alþingis og forseti Hæstaréttar,

*gjöra kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

3. málsg. 2. gr. laga nr 35/1960 orðist svo:

Það telst eigi heimili, þó maður dveljist í skóla, sjúkrahúsi, heilsuhæli, elliheimili eða annarri slíkri stofnun, vinnuhæli eða fangahúsi, eða ef hann dvelst eingöngu eða aðallega til lækninga eða til heilsuþótar. Sama gildir um dvöl í sérhönnuðum heimilum og íbúðum aldraðra og öryrkja byggðum í tengslum við þjónustumiðstöð aldraðra eða heilsugæslustöð,